# ÞESSIR FARA BEST MEÐ PENINGANA

## ■ Rekstrarkostnaður íslenskra lífeyrissjóða nærri fimm milljarðar
## ■ 95 prósenta mismunur á tryggingafræðilegri stöðu besta og versta sjóðsins



Annas Sigmundsson
blaðamaður skrifar annas@dv.is




Íslenskir lífeyrissjóðir hafa flestir þurft að sæta harðri gagnrýni vegna fjárfestinga sinna fyrir hrun íslenska fjármálakerfisins í október 2008. Þá var úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða gagnrýnd af mörgum fyrir að hafa farið fremur mjúkum höndum um lífeyrissjóðina í úttekt sinni sem kynnt var í febrúar á þessu ári. Þótti sem dæmi lítið hafa verið farið yfir boðsferðir sem starfsmenn lífeyrissjóða fóru í á árunum fyrir hrun.

Áætlað heildartap íslenskra lífeyrissjóða frá október 2008 til ársloka 2010 er talið hafa numið um 380 milljörðum króna. Þess skal getið að í október 2008 fóru eignir íslensku lífeyrissjóðanna niður í um 1550 milljarða króna en nema í dag rúmlega 2250 milljörðum króna. Fyrir sama tímabil hefur verðbólga verið um 23 prósent og því er raunhækkun á eignum sjóðanna frá hruni um 22 prósent.

### Frjálsi í fyrsta sæti

Í úttekt DV í dag er farið yfir stöðu íslenskra lífeyrissjóða á árinu 2011. Voru 20 stærstu lífeyrissjóðum landsins gefin stig eftir því hvernig þeir stóðu sig. Þeir þættir sem voru hafðir til hliðsjónar voru rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld sjóðanna árið 2011, raunávöxtun sama árs og tryggingafræðileg staða þeirra. Úttektin er byggð á skýrslu Fjármálaeftirlitsins (FME) um stöðu sjóðanna sem FME kynnti á blaðamannafundi í júlí á þessu ári. Athygli er vakin á því að einungis var farið yfir stöðu samtryggingadeilda en ekki séreignadeilda.

Sá sjóður sem hlaut flest stig var Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Var sjóðurinn með næstlægstu upphæð í rekstrarkostnað og fjárfestingarjöld á hvern virkan sjóðfélaga, það er þeirra sem greiddu í sjóðinn á árinu 2011. Þá var Frjálsi með næstbestu raunávöxtunina árið 2011 sem og næstbestu tryggingafræðilegu stöðuna. Í samtali við DV segir Arnaldur Loftsson að þessi staða Frjálsa lífeyrissjóðsins komi ekki á óvart. Sjóðurinn hafi verið kosinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af erlenda fagtímaritinu Investment Pension Europe síðustu þrjú ár. Ítarlegri umfjöllun er um Frjálsa lífeyrissjóðinn er hér á opnunni í úttekt DV í dag. Íslenski lífeyrissjóðurinn lenti í öðru sæti í úttekt DV og Lífeyrissjóður verslunarmanna í þriðja sæti.

### Slæm staða Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Athygli vekur hversu mikill mismunur er á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðanna. Sú staða mælir getu lífeyrissjóðanna til þess að standa við skuldbindingar sínar. Sá sem stendur best er Íslenski lífeyrissjóðurinn með 1,8 prósent stöðu og er eini lífeyrissjóðurinn af þeim 20 sem DV skoðaði sem er með jákvæða tryggingafræðilega stöðu. Sá sem kom verst út er Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með nærri 95 prósenta neikvæða stöðu.

Líkt og flestir þekkja eru sumir sjóðir þó með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga og þurftu því ekki að skerða réttindi sjóðfélaga sinna jafn mikið og aðrir sem ekki njóta slíkrar ábyrgðar. Í skýrslu FME frá júlí 2011 kom fram að almennt hafi safnast mikill halli á þeim sjóðum sem lendir þá á ábyrgðaraðilanum.

Mikil umræða hefur verið um stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) að undanförnu. Sá sjóður er með þriðju verstu tryggingafræðilegu stöðuna eða -42 prósent. Þá er Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga með -64 prósent en sjóðirnir tveir eru að mestu leyti reknir sameiginlega og njóta báðir ríkisábyrgðar.

### Himinn og haf í rekstrarkostnaði

Afar mikill munur er á hvað sjóðirnir eyða miklu í rekstrarkostnað og fjárfestingargjöld. Það eru þeir tveir liðir sem lífeyrisþegar þurfa að standa straum af. Þannig nemur umræddur kostnaður um 8.500 krónum árið 2011 á hvern virkan sjóðfélaga hjá Íslenska lífeyrissjóðnum en 177.000 krónum hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þess skal þó getið að umræddur mælikvarði getur verið nokkuð villandi þar sem hlutfall virkra sjóðfélaga er mjög misjafnt á milli sjóða. Þetta ætti þó að skipta töluvert miklu máli fyrir þá sem eru að spá í hvaða lífeyrissjóð þeirra eigi að velja sér. Að því gefnu að þeir hafi val um það.

Á árinu 2011 eyddu íslenskir lífeyrissjóðir nærri fimm milljörðum króna í rekstrarkostnað og fjárfestingargjöld. Ef allir sjóðirnir væru með jafn lágt hlutfall í þessa tvo liði og Íslenski lífeyrissjóðurinn hefðu þeir sparað nærri þrjá milljarða króna á árinu 2011. Umræða um fækkun sjóðanna hefur oft komið upp á undanförnum árum. Hefur umræddur kostnaður þá oft verið nefndur.

### Bjartar framtíðarhorfur

Í skýrslu FME sem kynnt var í júlí á þessu ári þar sem farið var yfir stöðu lífeyrissjóðanna kom fram að draga mætti úr halla í lífeyriskerfinu með því að hækka iðgjöld, skerða réttindi eða hækka lífeyrisaldur. Þrátt fyrir að íslenskir lífeyrissjóðir hafi sætt harðri gagnrýni í kjölfar hrunsins er ljóst að staða þeirra til framtíðar ætti að vera nokkuð björt.

Þannig má sjá í töflu með frétt að árið 2060 er því spáð að Ísland verði með lægsta hlutfall eldri borgara 65 ára og eldri. Munar meira en helmingi á Íslandi sem er talið koma best út með 33 prósenta hlutfall 65 ára og eldri á meðan umrætt hlutfall í Lettlandi gæti verið komið upp í nærri 70 prósent árið 2060.

Einnig má geta þess að íslenska lífeyriskerfið er með næstmestu eignir í hlutfalli við verga landsframleiðslu af öllum löndum Evrópu. Holland er eina landið með hærra hlutfall. Þá greiða um 85 prósent fólks á vinnualdri í lífeyrissjóð sé miðað við skylduaðild. Því má segja að horfur íslenskra lífeyrissjóða séu nokkuð góðar til framtíðar. ■

## Skuldlaus fasteign líka lífeyrissjóður

### ■ Hagfræðingur segir brýnt að velja sjóð með jákvæða stöðu

Ólafur Margeirsson, doktorsnemi í hagfræði hefur verið duglegur að fjalla um stöðu íslenskra lífeyrissjóða í skrifum á bloggi sínu. DV leitaði til hans og spurði hvort hann ætti einhver ráð handa fólki sem er að velta fyrir sér hvaða lífeyrissjóð það eigi að velja sér. Hafi það yfir höfuð val.

„Sjóðirnir bjóða sumir upp á mismunandi fjárfestingarstefnur innan síns samtryggingakerfis. Vilji fólk hafa val er það hiklaust nokkuð sem fólk ætti að hafa í huga þegar kemur að vali á lífeyrissjóði. Fyrir utan það er mikilvægt að velja sjóð sem er með jákvæða tryggingafræðilega stöðu, það eru þá minni líkur á því að það lendi í skerðingu á sínum réttindum í náinni framtíð," segir Ólafur.

Fólk ætti þó almennt líka að hafa í huga að fjárhagslegt öryggi þurfi ekki endilega að vera í formi peningalegrar eignar í lífeyrissjóði. „Skuldlaus fasteign er tvímælalaust „lífeyrissjóður" í sjálfu sér. Það á sérstaklega við þar sem nettó ráðstöfunartekjur að teknu tilliti til afborgana lána og vaxtakostnaðar geta auðveldlega verið hærri heldur en þegar tekið er fasteignalán og treyst er á útgreiðslu lífeyris þegar vinnuævinni líkur. Að þessu má til dæmis vinna með því að hefja úttekt lífeyris við 60 ára aldur og eyða úttektinni allri í að greiða niður áhvílandi fasteignalán," segir hann. ■



**Borga niður fasteignaskuldir** Ólafur Margeirsson, doktorsnemi í hagfræði segir að fólk ætti að huga að því að greiða íbúðalán sín niður sem fyrst.



## Ísland yngst í Evrópu 2060

Þrátt fyrir að íslenskir lífeyrissjóðir og ríkissjóður hafi þurft að taka á sig mikinn skell í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins í október 2008 eru framtíðarhorfur íslenska lífeyriskerfisins að mörgu leyti bjartar. Eitt af því sem skiptir miklu máli er að á næstu áratugum mun Ísland ekki eiga við stóraukin vanda við að fjármagna lífeyriskerfið vegna hækkandi hlutfalls eldri borgara, líkt og mörg lönd Evrópu. Samkvæmt nýjustu tölum Eurostat, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins frá því í lok september 2012, er því spáð að Ísland verði yngsta land Evrópu árið 2060.

Þá verða íbúar, 65 ára og eldri, einungis 33,5 prósent af heildar íbúafjölda landsins. Með okkur í fimm efstu sætunum eru meðal annars Noregur og Danmörk. Því má segja að mikil aukning í fæðingu barna í kjölfar hrunsins muni skila sér vel til framtíðar. Til samanburðar má nefna að árið 2060 verða um 60 prósent af íbúum Þýskalands 65 ára og eldri og heil 68 prósent af íbúum Lettlands. Í þessum löndum er fæðingartíðni mjög lág. Löndum eins og Þýskalandi og Lettlandi mun því líklega reynast erfitt eftir nokkra áratugi að halda uppi lífeyriskerfinu. Það ætti að reynast Íslendingum mun auðveldara.

### 65 ára og eldri árið 2060

**Hlutfall í nokkrum Evrópulöndum**

| | Land | Hlutfall |
|---|---|---|
| 1. | Ísland | 34% |
| 2. | Írland | 37% |
| 3. | Bretland | 42% |
| 4. | Noregur | 43% |
| 5. | Danmörk | 44% |
| 20. | Spánn | 56% |
| 21. | Grikkland | 57% |
| 22. | Ítalía | 57% |
| 27. | Þýskaland | 60% |
| 32. | Lettland | 68% |

| | Lífeyrissjóður | Rekstrarkostnaður | Stig | Tryggingafræðileg staða | Stig | Raunávöxtun | Stig | Stig alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 118.259.000 kr. 14.352 kr. á hvern sjóðsfélaga | 19 af 20 | -0,4% | 19 af 20 | 3,6% | 18 af 20 | 56 |
| 2 | Íslenski lífeyrissjóðurinn | 52.772.508 kr. 8.493 kr. á hvern sjóðsfélaga | 20 af 20 | 1,8% | 20 af 20 | 2% | 9 af 20 | 49 |
| 3 | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 602.152.000 kr. 18.280 kr. á hvern sjóðsfélaga | 17 af 20 | -2,3% | 18 af 20 | 2,8% | 13 af 20 | 48 |
| 4 | Almenni lífeyrissjóðurinn | 197.846.000 kr. 31.752 kr. á hvern sjóðsfélaga | 10 af 20 | -4,5% | 16 af 20 | 4,2% | 19 af 20 | 45 |
| 5 | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 207.675.000 kr. 28.696 kr. á hvern sjóðsfélaga | 11 af 20 | -4% | 17 af 20 | 3% | 15 af 20 | 43 |
| 6 | Lífeyrissjóður bankamanna | 135.248.000 kr. 57.139 kr. á hvern sjóðsfélaga | 6 af 20 | -4,8% | 15 af 20 | 4,4% | 20 af 20 | 41 |
| 7 | Gildi lífeyrissjóður | 507.023.000 kr. 19.350 kr. á hvern sjóðsfélaga | 15 af 20 | -4,9% | 14 af 20 | 2,7% | 12 af 20 | 41 |
| 8 | Festa lífeyrissjóður | 175.349.000 kr. 17.723 kr. á hvern sjóðsfélaga | 18 af 20 | -6,6% | 13 af 20 | 1,8% | 7 af 20 | 38 |
| 9 | Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 317.851.000 kr. 22.484 kr. á hvern sjóðsfélaga | 13 af 20 | -9,9% | 7 af 20 | 3,6% | 18 af 20 | 38 |
| 10 | Stafir lífeyrissjóður | 240.391.000 kr. 27.258 kr. á hvern sjóðsfélaga | 12 af 20 | -8,6% | 9 af 20 | 2,2% | 10 af 20 | 31 |
| 11 | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 352.803.000 kr. 36.424 kr. á hvern sjóðsfélaga | 9 af 20 | -6,6% | 13 af 20 | 1,9% | 8 af 20 | 30 |
| 12 | Stapi lífeyrissjóður | 236.483.000 kr. 18.690 kr. á hvern sjóðsfélaga | 6 af 20 | -7,5% | 10 af 20 | 0% | 2 af 20 | 28 |
| 13 | Lífeyrissjóður bænda | 117.258.000 kr. 41.581 kr. á hvern sjóðsfélaga | 7 af 20 | -12,3% | 5 af 20 | 2,9% | 14 af 20 | 26 |
| 14 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 614.631.000 kr. 22.329 kr. á hvern sjóðsfélaga | 14 af 20 | -41,8% | 3 af 20 | 1,7% | 6 af 20 | 23 |
| 15 | Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar | 130.804.000 kr. 176.762 kr. á hvern sjóðsfélaga | 1 af 20 | -22,9% | 4 af 20 | 3,2% | 16 af 20 | 21 |
| 16 | Eftirlaunasjóður FÍA | 44.603.000 kr. 79.365 kr. á hvern sjóðsfélaga | 3 af 20 | -10,2% | 6 af 20 | 2,4% | 11 af 20 | 20 |
| 17 | Lífeyrissjóður verkfræðinga | 178.676.000 kr. 69.040 kr. á sjóðsfélaga | 4 af 20 | -6,8% | 11 af 20 | 0,9% | 4 af 20 | 19 |
| 18 | Lífeyrissjóður Vestfjarða | 108.127.000 kr. 37.247 kr. á hvern sjóðsfélaga | 8 af 20 | -9,2% | 8 af 20 | -0,5% | 1 af 20 | 17 |
| 19 | Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 97.178.000 kr. 59.111 kr. á hvern sjóðsfélaga | 5 af 20 | -99,4% | 1 af 20 | 0,9% | 4 af 20 | 10 |
| 20 | Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 53.593.000 kr. 111.885 kr. á hvern sjóðsfélaga | 2 af 20 | -64,3% | 2 af 20 | 1,6% | 5 af 20 | 9 |

## Frjálsi lífeyrissjóðurinn í fyrsta sæti

### ■ Kemur framkvæmdastjóranum ekki á óvart

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur síðastliðin þrjú ár verið kosinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af erlenda fagtímaritinu Investment Pension Europe svo þetta kemur mér ekkert sérstaklega á óvart," segir Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.

DV gaf 20 stærstu lífeyrissjóðum landsins stig eftir því hvernig þeir stóðu sig árið 2011 og fékk Frjálsi lífeyrissjóðurinn flest stig. Þeir þættir sem voru hafðir til hliðsjónar voru rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld sjóðanna árið 2011, raunávöxtun sama árs og tryggingafræðileg staða þeirra.

Í samtali við DV segir Arnaldur að rekstur og eignastýring Frjálsa lífeyrissjóðsins hafi gengið vel á undanförnum árum. Það sama gildi um árið 2011. „Góður árangur hefur haft það í för með sér að þeim sjóðfélögum sem hafa ákveðið að greiða í sjóðinn hefur fjölgað umtalsvert," segir hann.

Aðspurður um hvað skýri þennan góða árangur segir hann að skynsamleg fjárfestingarstefna sem stjórn sjóðsins hafi sett sér sem og farsælar eignastýringarákvarðanir hafa leitt til góðrar ávöxtunar. Það hafi haft góð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðfélögum sem greiði í sjóðinn hafi jafnframt fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum

Þegar Arnaldur er inntur eftir því hvort hann geti gefið fólki einhver ráð sem sé að hugsa um í hvaða lífeyrissjóð það eigi að greiða segir hann mikilvægt að skoða langtímaávöxtun sjóðanna og skoða árangur þeirra yfir lengra tímabil ásamt því að skoða tryggingafræðilega stöðu þeirra.

„Einna mikilvægast er þó að fá upplýsingar um uppbyggingu lífeyrissjóðanna. Flestir sjóðir ráðstafa öllu skylduiðgjaldinu í samtryggingarsjóð en sumir sjóðir, eins og Frjálsi lífeyrissjóðurinn, skiptir skylduiðgjaldinu í samtryggingarsjóð og séreignarsjóð. Sá hluti sem ráðstafað er í séreignarsjóð er erfanleg eign sjóðfélaga og um séreignarsjóðinn gilda frjálsari útgreiðsluheimildir heldur en um samtryggingarsjóðinn. Ráðstöfun hluta skylduiðgjalds í séreignarsjóð felur það í sér að svigrúm getur myndast til að minnka við sig eða hætta fyrr í starfi og/eða að fá hærri lífeyrisgreiðslur fyrri hluta ellilífeyrisáranna heldur en seinni hlutann," segir Arnaldur.

Það sé því mikilvægt að fólk kynni sér mismunandi uppbyggingu lífeyrissjóða og ákveði hvers konar uppbygging uppfylli markmið þeirra um erfanleika lífeyrissparnaðar, tryggingavernd og fyrirkomulag lífeyrisgreiðslna eftir starfslok. ■



**Ekki hissa á góðri útkomu** Í samtali við DV segist Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins að það komi honum ekki á óvart að Frjálsi hafi lent í fyrsta sæti í úttekt DV.